IS

# FJARSTÝRING IR 24 V 1G






MERCADO MEDIC

# Efnisyfirlit

1. Vörulisti . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3
2. Tæknilýsing . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3
3. Uppsetning og pörun . . . . . . . . . . . . . . . . . 4
3.1. Uppsetning á innrauðum móttakara. . . . . . . 4
3.2. Pörun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4
4. Notkun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4
5. Rafhlöðuskipti . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5
6. Bilanagreining . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5
7. Förgun og endurvinnsla . . . . . . . . . . . . . . 6

# 1. Vörulisti







| | | |
|---|---|---|
| Ⓐ | 805169 | Fjarstýring stýringarkassa með stjórnborði f. fjölval IR 24 V |
| | 805170 | Fjarstýring stýringarkassa með stjórnborði f. upp/niður IR 24 V |
| Ⓑ | 805171 | Fjarstýring móttakara f. upp/niður + fjölval IR 24 V |

# 2. Tæknilýsing

Aukabúnaðurinn er innrauð fjarstýring ásamt innrauðum móttakara sem gerir kleift að stilla stöðu vinnustólsins þráðlaust.

- Fjarstýring rafhlöðu: 2 stk. 1,5 V AAA-rafhlöður
- Vinnuhitastig: 0 °C til +50 °C
- Samskiptaaðferð: Innrautt 940 Nm, mótun 38 kHz
- Fæðispenna: Móttakari 5 V, fjarstýring 3 V (2 x AAA)
- Hámarks klukkutíðni: 16 MHz

# 3. Uppsetning og pörun

## 3.1. Uppsetning á innrauðum móttakara

Móttakaranum er stungið í samband við tengi stjórnkassa fyrir handvirka stjórnun. Frekari upplýsingar um stjórnkassann er að finna í skjalinu *Kopplingsguide 24V1G* sem sækja má á heimasíðu okkar.

## 3.2. Pörun

1. Gakktu úr skugga um að stóllinn sé hlaðinn eða tengdur við hleðslutæki (athugaðu að ekki er hægt að notastólinn meðan hleðslutækið er tengt)

2. Dragðu út og settu innrauða móttakarann aftur í stjórnkassann til að virkja pörunarstillingu

3. Innan 30 sekúndna frá því að kveikt er á móttakaranum skal ýta á báða aðgerðahnappana fyrir hæðarstillingu samtímis, eins og sýnt er á myndinni hér til hægri, og halda þeim niðri í tvær sekúndur

4. Stóllinn og fjarstýringin eru nú tilbúin til notkunar

5. Gakktu úr skugga um að pörun sé lokið með því að prófa einhverja aðgerð, t.d. sætishæð (athugaðu að ekki er hægt að nota stólinn meðan hleðslutækið er tengt)



# 4. Notkun

Fjarstýringin vinnur aðeins með stólnum sem hún er pöruð við.

Fjarstýringin er fáanleg í tveimur útgáfum. Önnur útgáfan býður upp á stillingu á sætishæð, halla sætis, halla baks og bremsu (805169) en hin býður aðeins upp á stillingu á sætishæð (805170).

1. Sætishæð stillt

2. Sætishalli stilltur

3. Sætisbak stillt

4. Bremsa gerð virk eða óvirk




805169 805170

# 5. Rafhlöðuskipti




Fjarstýringin er knúin af tveimur hefðbundnum AAA-rafhlöðum. Þegar skipt er um rafhlöður skal gera eftirfarandi:

1. Notaðu Torx T10 skrúfjárn til að losa skrúfurnar þrjár á bakhliðinni.
2. Settu nýjar rafhlöður í stað þeirra gömlu. Fargaðu notuðum rafhlöðum í samræmi við leiðbeiningar í *Endurvinnsla og förgun*.
3. Sannreyndu að fjarstýringin virki með því að ýta á einhverja aðgerðanna. LED-ljós ætti að loga á rásaspjaldinu (A).
4. Festu bakhliðina aftur á með skrúfunum þremur.

# 6. Bilanagreining

Þegar fjarstýringin virkar ekki með stólnum skaltu ganga úr skugga um eftirfarandi:

1. Að stóllinn sé hlaðinn og með nægilega rekstrarspennu
2. AÐ fjarstýringin hafi verið pöruð við stólinn
3. Hvort nægileg spenna sé á rafhlöðunum í fjarstýringunni og að LED-ljósið blikki þegar ýtt er á einhvern hnappanna (A)
4. Að flata snúran á milli stjórnborðsins og rásaspjaldsins sé rétt tengd (B)




Gerðu eftirfarandi ef fleiri en einn stóll svara fjarstýringunni. Athugaðu raðnúmerið (SN) aftan á öllum fjarstýringunum (C).

1. Þegar raðnúmerin eru ólík þarf að para hverja fjarstýringu við hvern stól fyrir sig.
2. Þegar um sama raðnúmer er að ræða skal hafa samband við Mercado Medic AB og skipta um fjarstýringu, í því skyni að hver fjarstýring hafi mismunandi raðnúmer.



# 7. Förgun og endurvinnsla







Ⓐ Flokkast sem rafeindaíhlutir

Ⓑ Flokkast sem rafhlaða

# Samskiptaupplýsingar

## Mercado Medic AB

Mercado Medic AB
Tryffelslingan 14
181 57 Lidingö

08-555 143 00

Mán-fös 08:00-16:30

www.mercado.se

info@mercado.se